

**2. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2020**  
**í Grímsstofu í utanríkisráðuneytinu og í fjarfundaformi þriðjudaginn 10. nóvember 14:30–16:00**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason, Sjálfstæðisflokki, Silja Dögg Gunnardóttir, Framsóknarflokki, Marianna Traustadóttir, ASÍ, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Atli Viðar Thorstensen, Rauða krossinum á Íslandi, Bjarni Gíslason, Hálparstarfi kirkjunnar, Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum, Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu og Erna Reynisdóttir, Barnaheillum.

Fundinn sátu að auki:

María Mjöll Jónsdóttir (MMJ), skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskristofu (APS), Anna Hjartardóttir (AH), staðgengill skrifstofustjóra APS, Erla Hlín Hjálmarsdóttir (EHH), deildarstjóri, og Geir Oddson (GO), deildarstjóri.

Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni – grænu framboði), Hanna Katrín Friðriksson (Viðreisn) og Birgir Þórarinsson (Miðflokki) tilkynnti forföll. Inga Sæland (Flokki fólksins), Sara Elísa Þórðardóttir (Pírötum) og Ólafur Garðar Halldórsson (Samtökum atvinnulífsins) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Ragnheiður Kolsöe

Fundur settur kl. 14:31.

1. Fundur settur

Formaður bauð nefndarmenn og fundargesti velkomna á 2. fund þróunarsamvinnunefndar á árinu og benti á að fundarhald á yfirstandandi starfsári hefði raskast sökum heimsfaraldurs. Formaður kynnti því næst MMJ, nýjan skrifstofustjóra APS til leiks.

2. Skrifstofustjóri kynnis nýtt skipulag alþjóða- og þróunarsamvinnuskristofu (14:36-14:54)

Skrifstofustjóri útskýrði að samruni alþjóðaskrifstofu og þróunarsamvinnuskristofu sem átti sér stað í upphafi árs væri síðasta skrefið í sameiningu utanríkisráðuneytisins og fyrrum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (e. ICEIDA), en ferlið hófst árið 2016. Sameiningin hafi gengið vel og öflugt starfsfólk starfaði á skrifstofu APS sem legði hart að sér. Þróunarsamvinnuþekking hefði eflst, þvert á áhyggjur sumra um að sérþekking myndi tapast við sameiningarferlið. Þróunarsamvinnukunnátta innan ráðuneytisins í heild hefði auk þess aukist. MMJ fór yfir nýtt deildarskipulag, en skrifstofan skiptist í þrjár megin deildir: fjölþjóðlega samvinnu og alþjóðapolítísk málefni, tvíhliða og svæðisbundna þróunarsamvinnu og innanlandssamstarf og þróunarsamvinnu, auk tveggja stoðdeilda: árangurs og úttekta, og fjármála og tölfræði.

Spurt var um GRÓ, þekkingarmiðstöð þróunarlanda. Útskýrt var að starfsmaður ráðuneytisins gegndi stöðu forstöðumanns, en GRÓ heyrði beint undir ráðuneytisstjóra þar sem að GRÓ væri ákveðin stjórnsýslueining með sérstaka stjórn þar sem málefni skólanna fjögurra heyra undir.

Spurt var hvort að ráðuneytið og APS sæi fram á að efla tvíhliðasamstarfið með áherslu á að vinna beint með héraðsstjórnvöldum og þannig ná beint til þeirra fátækustu eða hvort lítið yrði í auknu mæli til stofnana Sameinuðu þjóðanna. Útskýrt var að til stæði að halda áfram með svipuðum hætti þar sem unnið er ýmist með héraðsstjórnvöldum eða verkefni framkvæmd í gegnum Sameinuðu þjóðirnar. Málið snerist um bestu nýtingu fjármuna hverju sinni út frá þróunarsamvinnustefnu Íslands.

Spurt var um úttektir á fjölþjóðlegum stofnunum og hvernig Ísland tæki starf þeirra út. Hvað væri því til fyrirstöðu að taka út stofnanir Sameinuðu þjóðanna í ljósi þess að verkefni frjálsra félagsamtaka væru reglulega tekin út. Útskýrt var að lítið gjafiríki eins og Ísland hefði ekki bolmagn til að taka út stórar stofnanir. Ísland reiddi sig á MOPAN úttektir, greindi úttektir stærri gjafiríkja og legði sig fram við að

komast í rýni- og úttektarnefndir þar sem einstaka verkefni eða málefni stofnana Sameinuðu þjóðanna væru rýnd. Ísland tæki nú virkan þátt í tveimur slíkum, hjá Mannfjöldasjóði Sameinuðu þjóðanna (e. UNFPA) fyrir verkefni sem vinnur gegn kynfæralimlestingum kvenna í þrettán löndum og UN Women í Mósambík fyrir verkefni um konur, frið og öryggi.

### 3. Niðurstaða DAC eftir miðannarrýni (14:54-15:22)

Deildarstjóri kynnti niðurstöður úr miðannarrýni Þróunarsamvinnunefndar Efnahags og framfarastofnunarinnar (e. OECD DAC) sem fram fór 10-11 september, en niðurstöður voru birtar 9. október síðastliðinn. Undirbúningur og umbótastarf hefur farið fram allt frá jafningjarýni. Níu tillögum af þrettán hefur verið mætt að fullu eða að hluta. Sérstaklega var tekið fram að Ísland nýtir svið þar sem landið hefur “samkeppnisforskot”, hefur eitthvað fram að færa umfram önnur framlagslönd, hefur haldið sterkri áherslu á að styðja við þá allra fátækustu og vinnur sannarlega að því að hækka framlög til að mæta 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) árið 2022 sem er skref í rétta átt. Þá hefur verið gripið til aðgerða til að fjölga starfsfólki með sérþekkingu á þróunarsamvinnu.

Samráð milli ráðuneyta er talið vera góðs viti og samráðsvettvangur um heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna lofar góðu en þó má gera betur til að nýta hann til stefnusamhæfingar. Skólar GRÓ eru taldir falla betur að stefnu Íslands (skv. ábendingu DAC) og jafnframt hentar héraðsnálgun í tvíhliða starfi vel fyrir Ísland sem lítið framlagsland. Tenging milli stefnu Íslands og framkvæmdar hefur orðið skýrari og tækifæri til skilvirkari þátttöku á fjölþjóðlegum vettvangi. Þróunarsamvinna hefur einnig fengið aukið vægi innan utanríkisráðuneytisins, sem talið er vera jákvætt.

Varðandi mannauð, þá hefur verið ráðist í ráðningar þróunarsamvinnusérfræðinga innan ráðuneytisins, aukin tækifæri eru til staðar fyrir þróunarsamvinnustarfsfólk innan utanríkisráðuneytisins og það er ljóst að sérþekking hefur ekki tapast með sameiningu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands við ráðuneytið þar sem starfsfólk ICEIDA hvarf ekki til annarra starfa.

Þá er samstarf við aðila atvinnulífisins komið á koppinn, samstarf við frjáls félagasamtök öflugt og er í skoðun (skv. tillögu DAC), og enn eru möguleikar til að auka samlegð með samstarfi við ólíka aðila. Mikilvægt þykir fyrir Ísland að standa við fimm ára fjármálaáætlun og ná 0,35% markinu 2022 en Ísland er í fimmtánda sæti framlagsríkja fyrir % af VPF. DAC hefur skilning á að Ísland leitist við að halda umsýslukostnaði í lágmarki og verður að sníða sér stakk eftir vexti í öllu starfi.

Íslensk stjórnvöld vinna að úrbótum á tölfræðigögnum og hafa fengið ýmsa aðila til samstarfs vegna þess. Tölfræðirýni DAC fór fram í byrjun nóvember með þátttöku frá fulltrúum frá Lúxemborg og Slóveníu. Niðurstaðna úr þeirri rýni er að vænta eftir 3-7 vikur.

DAC telur þróunarsamvinnunefnd gegna mikilvægu hlutverki og að möguleikar séu á virkari þátttöku hennar í kynningarstarfi og mótun framtíðarsýnar í þróunarsamvinnu Íslands. Ísland hefur beitt nýjum leiðum til að fjalla um þróunarsamvinnu og árlegar kannanir á viðhorfi almennings eru nú framkvæmdar (skv. tillögu DAC).

Hvað varðar árangursstjórnun þá hefur Ísland leitast við að læra af öðrum framlagsríkjum og hyggst setja upp kerfi sem svarar þörfum Íslands sem lítils gjafríkis og er starf framundan á þessu málefnasviði. Aukin áhersla er á að aðstoða samstarfslönd til að framfylgja árangursstjórnun og vöktun. Landaáætlanir í tvíhliða starfi eru í bígerð, og lögð er áhersla á að aðrar áætlanir í tvíhliða samvinnu þurfa að tengjast heimsmarkmiðunum. Rýnihópur var ánægður með að sjá að árangursrammi fyrir skóla GRÓ er í mótun.

Hvað mannúð varðar leggur Ísland megináherslu á stuðning til fjögurra mannúðarstofnana og sjóða. Ný stefnumið leggja upp með svæðisbundnar áherslur í mannúðar- og neyðaraðstoð og DAC fylgist með innleiðingu á samvirkni verkefni (e. Humanitarian-Development-Peace Nexus) í Norður-Úganda af áhuga.

Heildarniðurstöður gefa til kynna að DAC er ánægt með hversu vel Ísland hefur náð að bregðast við ábendingum frá jafningjarýni. Næsta jafningjarýni mun kanna sérstaklega hvernig ný stefnumið hafa reynst, skoða árangursstjórnun og tengingu við heimsmarkmiðin, auk samstarfs við samstarfslönd og

einkageirann. Utanríkisráðuneytið mun vinna áfram að umbótastarfi sem byggir á tillögum og athugasemdum DAC.

Fulltrúi þakkaði starfsfólki APS fyrir góð störf og fyrir að sinna nefndinni vel. Fulltrúar minntu einnig á að ekki mætti missa sjónar á markmiði Íslands um að þróunarsamvinnu nemi ár hvert 0.7 % af VPT. Bent var á að leita þyrfti leiða til að kanna betur viðhorf Íslendinga til þróunarsamvinnu. Núverandi maskínukönnun væri gagnleg en mikilvægt væri að kafa dýpra.

#### 4. Kynning á COVID-19 aðgerðapökkum 1 og 2 (15:22-15:35)

Staðgengill skrifstofustjóra kynnti aðgerðir Íslands það sem af er ári til að takast á við beinar og óbeinar afleiðingar COVID-19. Útbreiðsla faraldursins í þróunarríkjum hefði verið eitthvað minni en búist var við, ekki síst í Afríku, en að sama skapi hafi óbein neikvæð áhrif staðist spár. Í fyrsta sinn í tuttugu ár færi sárafatækt vaxandi í heiminum. Sárafátækum gæti fjölgað um 150 milljón á þessu ári og því næsta, og tala þeirra sem líða fæðuskort gæti hækkað um 130 milljónir. Aukið kynbundið og kynferðislegt ofbeldi væri mikið áhyggjuefni og malaríutilfellum færi fjölgandi. Einnig væru almennar bólusetningar í ólestri víðast hvar í þróunarlöndum.

Ísland hafi brugðist hratt og örugglega við með tveimur heildrænum aðgerðapökkum, í apríl og október. Alls hafi 240 milljónum króna verið veitt til fjölpjódlegra mannúðar- og þróunaraðgerða vegna COVID-19 og öðrum 264 milljónum króna til tvíhliða aðgerða gegn faraldrinum í Malaví, Úganda og Síerra Leóne. Ísland hafi einnig heitið að veita 500 milljónum króna til þróunar og dreifingar COVID-19 bóluefnis í þróunarríkjum. Heildarframlög Íslands, nemi því 1.004 milljónum króna til þessa.

Spurt var um hvernig stuðningi væri háttáð í Malaví. Útskýrt var að framlög Íslands hefðu meðal annars runnið í aðgerðaáætlun héraðstjórnvalda en áhersla væri á heilbrigðis- og menntamál. Einnig kom fram að tilfellum mislinga hefði fjölgað og gera mætti ráð fyrir auknum mæðradauða.

Ítrekað var að ráðuneytið tæki sterkt tillit til breiðari áhrifa faraldursins í stefnumótum og að verið væri að horfa til aðgerða langt umfram sjúkdóminn. Framlög til þróunarsamvinnu myndu aukast á næsta rekstrarári og sú aukning myndi hugsanlega ná til frjálsra félagasamtaka og atvinnulífsins á sviði þróunarsamvinnu.

#### 5. Um ræða um óháðar úttektir: Byggðapróunarverkefni í Malaví og svæðaverkefni í jarðhita í Austur-Afríku (15:38-15:48)

Deildarstjóri fór nokkrum orðum um tvær óháðar úttektir á verkefnum sem Ísland kom að á sviði jarðhita og byggðapróunar. Lagt var til að nefndin fengi ítarlegri kynningu á byggðapróunarverkefninu í Malaví. Niðurstöðurnar voru mjög áhugaverðar og sýndu að nálgun Íslands í Malaví skilaði árangri. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju með verkefnið í Malaví og tóku fram að þetta væri dæmi um verðugt þróunarsamvinnuverkefni í tvíhliða samstarfslandi.

#### 6. Önnur mál (15:48-15:56)

##### Skipun þróunarsamvinnunefndar

Formaður tilkynnti að kominn væri tími á skipun nefndar þar sem lög um þróunarsamstarf Íslands kveði á um að utanríkisráðherra skipi fulltrúa og varamenn í þróunarsamvinnunefnd til fjögurra ára. Skipunartíminn væri liðinn en nefndin í heild hafi verið skipuð vorið 2016. Heimsfaraldur hefi sett strík í reikninginn en ráðherra hafi upplýst um að hann hyggest ganga í þetta verkefni á næstu vikum. Það megi því gera ráð fyrir að það verði einhverjar breytingar á nefndinni á nýju starfsári.

### Næsti fundur

Formaður tilkynnti að næsti fundur yrði um miðjan desember og að vonir stæðu til að utanríkisráðherra sækti fundinn. Fundarboð með dagsetningu og dagskrárdrögum myndi berast von bráðar. Beiðni um sýn utanríkisráðherra á aðkoma einkageirans í þróunarsamvinnu var borin upp og formaður hvatti fulltrúa til senda frekari tillögur að umræðuefni á ritara nefndar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 15:56.